

AUGLÝSING

um breytingu á lágmarksupphæð stofnfjár sjóðs eða stofnunar sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagskrá.

Samkvæmt 2. gr. laga um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagskrá nr. 19/1988 skal stofnfé sjóðs eða stofnunar árið 2004 vera 598.000 kr. hið minnsta. Auglýsing þessi tekur þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. janúar 2004.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Bryndís Helgadóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í landi Skarðshamra, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn hefur samþykkt ofangreint skipulag. Deiliskipulagið hefur fengið meðhöndlun samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af skipulagsstofnun samkvæmt ofangreindum lögum. Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 2. janúar 2004.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður Páll Harðarson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar við Höfðabraut og Tóftabraut í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samþykkt deiliskipulag við Höfðabraut og Tóftabraut í landi Vaðness, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Deiliskipulagið nær til 12,7 ha svæðis. Gert er ráð fyrir 16 frístundalóðum. Stærðir lóða eru 6500-8400 m².

Deiliskipulag þetta sem auglýst er með vísan til 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Grímsnes- og Grafningshreppi, 2. janúar 2004.

Margrét Sigurðardóttir sveitarstjóri.